




Reykjavík, 27. maí 2026
USK26030460

Bergstaðastræti 57 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa x. mars 2022 var lögð fram fyrirspurn x ...



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag



Mynd tekin af ja.is

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á Bergstaðastræti 57 borgarhluta 2 Miðborg og er hluti af íbúðarsvæði Skólavörðuholt.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir Urðarstígsreit, samþykkt í borgarráði 12. nóvember 2009, ásamt síðari breytingum.

Umsögn

Húsið á lóð nr 57 við Bergstaðastræti er byggt árið 1920 og er skráð sem íbúð á hæð með geymslu skv. fasteignaskráningu.

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á því að íbúð í kjallara verði skráð sem séreign. Jafnframt er óskað eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á því hvort að bílastæði í götu tilheyri húsinu og að það sé sérmerkt í samræmi við það.

Í deiliskipulagi Urðarstígsteigur syðri, reitur 1.186.4. afmarkast af Urðarstíg, Njarðargötu, Bergstaðastræti og Bragagötu sem samþykkt var í Borgarráði þann 18. maí 2012 er Bergstaðastræti 57 skilgreint sem einbýlishús. Í almennum skilmálum deiliskipulagsins segir m.a.

Ekki er gert ráð fyrir að íbúðum fjölgi. Ekki er gert ráð fyrir fjölgun bílastæða á reitnum þar sem stutt er í alla þjónustu. Eðlilegt má telja að færri bílar tilheyri hverri íbúð í þessu hverfi en í öðrum hverfum borgarinnar þar sem lengra er í þjónustu.



Umrætt bílastæði í götu er staðsett á borgarlandi og samkvæmt gildandi deiliskipulagi eru engar kvaðir um að stæði séu sérmerkt fyrir tilteknar eignir. Bílastæði á borgarlandi teljast almenn og eru ætluð til afnota fyrir alla.

Niðurstaða

- Neikvætt tekið í erindi, samræmist ekki skipulagi.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfalli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Harpa Dögg Hjartardóttir

verkefnastjóri



Reykjavík